

# Stiklað í straumnum
## Currents
Verk úr eigu safnsins/Works from the collection



Ólöf Nordal f./b. 1961, SYSTIR FÁLKANS/SISTER OF THE FALCON, 1996
Forsíða/Front Page: Guðjón Ketilsson f./b. 1956, ÁN TITILS/UNTITLED, 1995

## Listin, landið, maður og menning

Í ávarpi við setningu listahátíðar árið 1970 sagði Halldór K. Laxness: *„ . . . á þessari fyrstu alþjóðlegu listahátíð Íslands eigum við ekki sjálfir að tala, né heyra aðra menn tala um list, heldur verður hér geingið beint að kjarna hlutanna sem er listsköpunin sjálf. . . Listin er sköpun sem gerir orð marklaus. Ég vona að hér fái listin að tala beint við sálina."*

Á sýningu Kjarvalsstaða á verkum í eigu Listasafns Reykjavíkur sem nú er opnuð á Listahátíð í Reykjavík er hvorki leitast við að setja verkin upp í sögulega tímaröð né í strangt listsögulegt samhengi — heldur eru það listaverkin ein og sjálf sem hafa orðið. Hvert einstakt verk er tjáning viðkomandi listamanns á þeim áhrifum sem hann hefur orðið fyrir, hvort sem þau eru sótt til náttúru landsins, í sögu þjóðarinnar, í alþjóðlega menningarsögu eða eigið líf. Þau endurspegla einnig ákveðið formskyn, hugmyndir um fagurfræði, tækni og tíðaranda og þær stefnur sem ríkja í myndlist á hverjum tíma.

Því er almennt haldið fram að myndlist eigi sér ekki langa sögu hér á landi. Þó eru til þeir sem segja þetta öfugmæli; saga myndlistar á Íslandi sé jafngömul landnáminu. Hins vegar hafi lítið varðveist af fornri myndlist, nema þá helst í lýsingum handrita, þó svo málaralist og útskurður hafi fyrr á öldum staðið með miklum blóma. Myndlistararfur okkar er að stærstum hluta frá þessari öld eins og svo til öll verkin sem eru í eigu Listasafns Reykjavíkur. Söfn, og þar með talin myndlistarsöfn eru ekki gamlar stofnanir hér á landi. Verk sem hafa verið valin á safn hafa um leið fengið það hlutverk að vera vitnisburður samtíðar sinnar fyrir komandi kynslóðir.

Á þessari sýningu á verkum í eigu safnsins er ekki ætlunin rekja sögulega þróun myndlistar 20. aldar, heldur að stikla um í meginstraumum myndlistarinnar, og þá aðallega í straumiðu síðustu áratuga og láta listaverkin sjálf eiga orðastað við áhorfendur.

Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir, safnvörður/curator

## Art, Nature, Man and Culture

In his address at the opening of the Reykjavík Art Festival in 1970 the Nobel laureate for literature, Halldór K. Laxness, declared:
*„ . . . at this first international art festival in Iceland we ourselves should not speak, nor should we listen to other men speak of art, but here we should go straight to the source of what is important, which is the creation of art itself ... Art is creation that renders words meaningless. I hope that here Art will be allowed to speak directly to the soul."*

At the Kjarvalsstaðir exhibition of works in the collections of the Reykjavík Art Museum, which will open at the 1998 Reykjavík Art Festival, there is no attempt to put the works in a chronological order, nor into a definite artistic perspective — rather it is the artworks themselves that speak out. Each individual work is the expression of the artist in question of the influences he or she has felt, whether they originate in the nature of the country, the history of the people, whether they come from international culture or from private experiences. These works also represent certain formal approaches, aesthetic ideas, techniques and signs of the times, and the prevalent artistic movements of any given period.

It is generally maintained that the visual arts do not have a long tradition in this country. In spite of this there are some that say this is the other way around; that the history of art in Iceland stems all the way back to the settlement of the country. There is little that has been saved of the art of the first centuries, except for the occasional manuscript illuminations, although painting and woodcarving blossomed from early on. Our artistic inheritance is mostly of this century, as are nearly all of the works in the collections of the Reykjavík Art Museum. Museums, including art museums, are fairly recent institutions in this country. Works that have been selected for a museum have at once been given the role of representing their own times for later generations.

This exhibition of works of art from the collections of the Museum is not intented to give a chronological overview of Icelandic art in the 20th century, but rather to show some of the main currents, and especially some of the swift movements of the last few decades; the final and most important consideration is, however, to let the works of art themselves establish a dialogue with the audience.



Jóhannes S. Kjarval (1885-1972), FYRSTU SNJÓAR/FIRST SNOW (hluti/part), 1953
Baksíða/Last Page: Alfreð Flóki (1938-1987), ÁN TITILS/UNTITLED, 1987

## Inngangur

Íslenskir listamenn á þessari öld hafa einkum sótt viðfangsefni sín í tvær áttir. Þeir hafa leitað til alþjóðlegra strauma listarinnar sem þeir hafa kynnst í námi og á ferðum sínum erlendis, og einnig hafa þeir byggt á þeim áhrifum sem náttúra landsins og líf og saga þjóðarinnar hafa haft á þá.

Þessi sýning byggir alfarið á verkum úr eigu Listasafns Reykjavíkur. Með henni er brugðið upp dæmum um hvernig íslenskir myndlistarmenn hafa með ólíkum hætti unnið úr þeim straumum sem kenna má í myndlistinni. Hér birtist því fjöldi listaverka sem unnin eru út frá ólíkum listrænum forsendum þótt svo að uppruni þeirra sé ávallt í ákveðnu samhengi hinnar listrænu framvindu í landinu.

Sumarsýningar Kjarvalsstaða hafa það markmið öðru fremur að gefa gestum, innlendum sem erlendum, nokkra innsýn í þá heildarmynd sem er að finna í verkum í eigu Listasafns Reykjavíkur. Það er von mín að þær stiklur sem hér er að finna þjóni þeim tilgangi sem allra best.

## Foreword

Icelandic artists have in this century mostly looked in two directions to find their sources. They have looked to the international currents in the arts, that they have been introduced to in their studies and travels abroad, and they have also built on influences they have felt from the nature of the land, as well as from the life and history of the nation that bread them.

This exhibition is exclusively based on works of art from the collections of the Reykjavík Art Museum. In it are examples of how differently Icelandic artists have worked with the currents that can be seen in modern art. Here you find a large number of works that have been made from different artistic perspectives, even though their origins can always be traced to a certain relevance in the artistic development of Iceland.

The summer exhibitions at Kjarvalsstaðir have aimed to give visitors, Icelandic and foreign alike, some insight into Icelandic art history, as represented in the collections of the Reykjavík Art Museum. It is my hope that the glimpses found here will serve that purpose as best possible.

formaður menningarmálanefndar Reykjavíur/*Chair, Cultural Committee of the City of Reykjavík*



**KJARVALSSTAÐIR**, Listasafn Reykjavíkur
**KJARVALSSTAÐIR**, Reykjavík Art Museum
**LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK/REYKJAVÍK ART FESTIVAL**
**Maí — ágúst 1998**